



## Gísli Sveinsson

---

Bjarni Benediktsson – Gísli Sveinsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-8, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

GÍSLI SVEINSSON

V í k , 21. ágúst 1945.

Góði vinur.

Út af orðum, er féllu okkar á milli, er við vorum saman (mér til ánægju) á Hótel Berg með ýmsum kunningjum, sendi ég þér þessa línu, reyndar sem algert trúnaðarmál, enda gildir sama um það, sem þú kant að segja mér um þetta. Mér skildaist á þér sem flekksstjórnin eða þingfleksturinn stjórnarmegin væri í nokkrum vanda gagnvart mér, út af minni pólitísku afstöðu, við næsta fersetakjör í Alþingi etc. Ég sagði þér þá, að ég hlustaði á big (sem ávalt), en vitaskuld var ógerlegt að fara nánar inn á þetta þar. En mér finnst hér í raun rétttri enginn vandi vera, ég og aðrir þessir "5", sem ekki fylgjum stjórninni, erum eigi síður góðir sjálfstæðismenn, í sjálfstæðisflokknum, og erum því gjaldgengir í stöður flekksins, ef viljum taka þær að okkur - eða sýnist þér ekki sve? Ef ykkur því yfirlæitt lízt að kjósa mig til ferseta eins og áður, og ég veit að þið álítið, að ég leysi það sómasanlega af hendi fyrir alla, eins og vera ber, þá get ég ekki séð, að neitt "flekkslegt" sé því til fyrirstöðu, því að sjálfstæðismenn hafa ávalt haft frelsi fult til skoðana, eða sve höfum við allir prédikað. Það er heldur ekki neitt nýtt, að menn í þeim fl. greini á og framfylgi sinni skoðun, og meira að segja stjórnarflekksmenn sýndu á síðasta þingi, að þeir fóru sínar leiðir í aðal-sanningsmálum stjórnarinnar hvað þá öðrum. Hvers er þá af

okkur hinum að krefjast ?

Nú eru bæði ég (auk "forsetadæmisins") og þessir félagar allir í einhverjum trúnaðar- eða nefndarstöðum í þingi á vegum flokksins. Ef við gegnum þeim stöðum ekki verr en áður, þá verður ekki séð, ~~að xxxxxxxxxxxxxxx~~ að ennþá hafi neitt það til borið, er fyrirgirdi, að þingflokkurinn fæli okkur þau áfram, það er nú eins og áður algerlega undir vilja flokksmanna komið, hvort þeir vilja hafa þann hátt eða eigi. Nú veit ég ekkert um vilja hinna til þessa eða hins, ég veit einungis, að ég sækist ekki eftir neinu. En hitt vil ég vona, að þú í sannfæringu þánni undrist eigi, að við getum ekki, eftir okkar sannfæringu, fylgt þessari stjórn, eins og hún er, né aðhylst störf hennar, nema eins og verkast vill.

Þér er að sjálfsögðu kunnugt, að ég hefi í sjálfu sér látið við það sitja að gera í öndverðu grein mínum mönnum í héraði fyrir afstöðu minni, bréflega. Síðan hefir ekkert sérstakt til borið af minni hálfu, ég hefi hvorki haldið fundi um þessi mál, né komið á fundi annara, og jafnan sagt mönnum að lokum, ef leitað hafa samtals við mig um þetta, að þeir skuli leitast við að gera sér sjálfir grein málanna og fylgjast með í gangi þeirra. Og ég tel, að á þingi hafi ekkert gerzt sögulegt frekar hjá okkur en öðrum (og það var ekki fyrir "vanstilling" mína, að einu sinni kom til hálfgerðra orðahnippinga). Við töldum eðlilegt og rétt (og formaður flokksins vissi um það), að við værum lausir við að

III.

sækja flokksfundi, nema sjálfir óskuðum eða sérstakt væri þar boðað um almenn mál, annað en blátt áfram framkvæmd stjórnarsamningsins, enda væri það einnig "loyalt" gagnvart stjórnarliðum í fl. e. s. frv.

Að öðru leyti hefir það mátt "irritera" okkur, ef við værum sérstaklega hörundsárir, hversu óskiljanlegur taugaskjálfti hefir leitt "orgön" stjórnarinnar út í að úthúða oft látlaust öllum, og þar á meðal okkur, sem ekki hafa getað fylgt stj., og allir vita, að þau eru innblásin, svo sem eðlilegt er, af þeim aðstu þar í stað. En þetta lét ég nú alveg eins og vind um eyrun þjóta, þótt ég segi þetta við þig.....

Svona er nú þetta nú, hvað sem síðar gerist. Hefir þú þá heyrt, hvernig í mér syngur, og þótt þetta sé í trúnaði skrifað, eins og ég gat um í upphafi, þá mátt þú láta þessa vitneskju koma öðrum fyrir eyru, ef þér þykir henta, og eftir því sem með þarf (meðal flokksmanna).

.....

"Léttara hjál! Ég sendi fornlega þökk, en afboð um komu okkar hjóna á hina árlegu uppskeruhátíð Reykjavíkur í ágúst. Þetta er okkur héraðsambættismönnum örðugasti tíminn til tafar, og er ekkert við því að segja. Mér hamla þá embættisverk og ferðalög auk fólksstraums á heimili, þótt vilji væri til að "slá sér út".

::::::::::

Með bestu óskum til ykkar og kveðjum.

Þinn einlægur

